

14

4. júní

AUGLÝSING

um gerðardómssamkomulag milli Íslands annarsvegar, og Sameinaða Konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, Kanada, Sambandsríkisins Ástralíu, og Nýja-Sjálands, hinsvegar.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórnir Sameinaða Konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, Kanada, Sambandsríkisins Ástralíu, og Nýja Sjálands, hafa, með erindum 22. marz 1937, ákveðið að gerðardómssamningurinn frá 25. október 1905, skuli endurnýjaður, fyrst í stað í fimm ár, frá 4. maí 1936 að telja, og síðan áfram þar til samningnum kann að verða sagt upp með eins árs fyrirvara.

Erindin, rituð á ensku, birtast hérmeð, einnig í íslenzkri þýðingu.

Þýðing.

FOREIGN OFFICE
22nd March, 1937.

UTANRÍKISMÁLARÁÐUNEYTIÐ
22. marz 1937.

Sir,

Herra,

I have the honour to inform you that His Majesty's Governments in the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, Canada, the Commonwealth of Australia and New Zealand desire that the Anglo-Danish Arbitration Convention signed in London on the 25th October, 1905, and last renewed on the 10th October, 1935, with effect from the 4th May 1931, should be regarded as having been renewed for a further period of five years from the 4th May, 1936, in respect of Great Britain and Northern Ireland and all parts of the British Empire which are not separate members of the League of Nations, Canada, The Commonwealth of Australia and New Zealand, respectively, on the one hand, and Iceland on the other.

2. I have the honour further to propose that, unless notice to terminate the Convention has been given one year before the expiry of the said period of five years, it shall continue to be in force without limit of time until one year from the date on which such notice is given. His Majesty's Governments above mentioned may respectively terminate the Convention separately in respect of Great Britain and Northern Ireland and all parts of the British Empire which are

Ég hefi þann heiður að tilkynna yður, að ríkisstjórnir Hans hátignar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, Kanada, Sambandsríkinu Ástralíu, og Nýja-Sjálandi, óska þess, að svo verði litið á, að ensk-danski gerðardómssamningurinn, er var undirritaður í London þann 25. október 1905, og síðast endurnýjaður þann 10. október 1935, með gildi frá 4. maí 1931 að telja, hafi verið endurnýjaður fyrir fimm ára tímabil í viðbót, frá 4. maí 1936 að telja, að því er varðar Stóra-Bretland og Norður-Írland og alla hluta brezka heimsveldisins, sem ekki eru sjálfstæðir meðlimir Þjóðabandalagsins, og ennfremur Kanada, Sambandsríkið Ástralíu og Nýja-Sjaland, hvert um sig, annarsvegar, og Íslands hinsvegar.

2. Ég hefi ennfremur þann heiður að leggja til, að ef tilkynning um uppsögn samningsins hefir ekki verið gefin einu ári fyrir lok áðurnefnds fimm ára tímabils, þá skuli hann halda áfram að gilda, án tímatakmörkunar, þar til einu ári eftir að slík tilkynning er gefin. Áðurnefndar ríkisstjórnir Hans hátignar geta, hver um sig, sagt upp samningnum, hver í sínu lagi, að því er varðar Stóra-Bretland og Norður-Írland og alla hluta brezka heimsveldisins, sem eru ekki sjálfstæðir

not separate members of the League of Nations, Canada, Australia or New Zealand, as the case may be.

3. It will be understood that in place of reference to the Permanent Court of Arbitration as provided for in Articles 1 and 2 of the aforesaid Convention of the 25th October, 1905, the reference shall, in any case arising, be made to the Permanent Court of International Justice in accordance with the procedure laid down in the Statute of the Court and in the Rules of Court adopted thereunder.

4. If the above proposals are accepted, I have the honour to suggest that the present note and your reply thereto in similar terms shall be regarded as constituting a formal agreement between His Majesty's Governments aforesaid on the one hand, and the Government of Iceland on the other.

I have the honour to be with the highest consideration,

Sir,

Your obedient Servant,
sign. Anthony Eden.

Count Preben Ahlefeldt Laurvig,
G. C. V. O.,
etc., etc., etc.

LEGATION DE DANMARK
London, 22nd March, 1937.

Sir,

I have the honour to acknowledge receipt of your note of to-day's date and to inform you that the Government of Iceland are willing that the Anglo-Danish Arbitration Convention signed in London on the 25th October, 1905, and last renewed on the 10th October, 1935, with effect from the 4th May, 1931, should be regarded as having been renewed for a further period of five years from the 4th May, 1936, in respect of Iceland on the one hand, and Great Britain and Northern Ireland and all parts of the British Empire which are

meðlimir Þjóðabandalagsins, Kanada, Ástralíu, eða Nýja Sjálands, eftir því, sem 14
við á. 4. júní

3. Það er samkomulag um, að í staðinn fyrir ákvæði um að skjóta skuli máli til fasta gerðadómstólsins, samanber 1. og 2. grein áðurnefnds samnings frá 25. október 1905, þá skuli máli, í öllum tilfellum, skotið til fasta Alþjóðadómstólsins, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í stofnlögum dómstólanna, og þeim réttarreglum, sem settar eru samkvæmt stofnlögunum.

4. Ef áðurnefndar tillögur eru samþykktar þá hefi ég þann heiður að leggja til, að þetta erindi, og svar yðar við því með svipuðu orðalagi, verði skoðað sem formlegt samkomulag milli ofangreindra ríkisstjórna Hans hátígnar annarsvegar, og Íslands hinsvegar.

(Kveðjuorð.)

sign. Anthony Eden.

Greifi Preben Ahlefeldt Laurvig,
G. C. V. O.,
etc., etc., etc.

Þýðing.

SENDIRÁÐ DANMÆRKUR
London, 22. marz 1937.

Herra,

Ég hefi þann heiður að viðurkenna móttöku erindis yðar, dags. í dag, og að tilkynna yður, að ríkisstjórn Íslands samþykkir, að svo verði litið á, að ensk-danski gerðardómssamningurinn, er var undirritaður í London þann 25. október 1905, og síðast endurnýjaður þann 10. október 1935, með gildi frá 4. maí 1931 að telja, hafi verið endurnýjaður fyrir fimm ára tímabil í viðbót frá 4. maí 1936 að telja, að því er varðar Ísland annarsvegar, og Stóra-Bretland og Norður-Írland og alla hluta brezka heimsveldisins, sem ekki eru sjálfstæðir meðlimir Þjóða-

14 not separate members of the League of Nations, Canada, the Commonwealth of Australia and New Zealand on the other.

4. júní

2. I have the honour further to inform you that the Government of Iceland are willing that unless notice to terminate the Convention has been given one year before the expiry of the said period of five years, it shall continue to be in force without limit of time until one year from the date on which such notice is given. His Majesty's Governments above mentioned may respectively terminate the Convention separately in respect of Great Britain and Northern Ireland and all parts of the British Empire which are not separate members of the League of Nations, Canada, the Commonwealth of Australia or New Zealand, as the case may be.

3. It will be understood that in place of reference to the Permanent Court of Arbitration as provided for in Articles 1 and 2 of the aforesaid Convention of the 25th October, 1905, the reference shall, in any case arising, be made to the Permanent Court of International Justice in accordance with the procedure laid down in the Statute of that Court and in the Rules of Court adopted there under.

4. The present note and your note under reply shall be regarded as constituting a formal agreement between the Government of Iceland on the one hand, and His Majesty's Governments aforesaid on the other.

I have the honour to be, with the highest consideration,

Sir,
Your most obedient humble Servant,
For Iceland
(sign.) P. F. Ahlefeldt-Laurvig

The Right Honourable
Anthony Eden, M. C., M. P.,
Secretary of State for Foreign Affairs.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

bandalagsins, og ennfremur Kanada, Sambandsríkið Ástralíu, og Nýja-Sjáland, hinsvegar.

2. Ég hefi ennfremur þann heiður að tilkynna yður, að ríkisstjórn Íslands samþykkir, að ef tilkynning um uppsögn sammingsins hefir ekki verið gefin einu ári fyrir lok áðurnefnds fimm ára tímabils, þá skuli hann halda áfram að gilda, án tímatakmarkunar, þar til einu ári eftir að slík tilkynning er gefin. Áðurnefndar ríkisstjórnir Hans hátignar geta, hver um sig, sagt upp samningnum, hver í sínu lagi, að því er varðar Stóra-Bretland og Norður-Írland og alla hluta brezka heimsveldisins, sem eru ekki sjálfstæðir meðlimir Þjóðabandalagsins, Kanada, Sambandsríkið Ástralíu, eða Nýja-Sjáland, eftir því, sem við á.

3. Það er samkomulag um, að í staðinn fyrir ákvæði um að skjóta máli til fasta gerðardómstólsins, samanber 1. og 2. grein áðurnefnds sammings frá 25. október 1905, þá skuli máli, í öllum tilfellum, skotið til fasta Alþjóðadómstólsins, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í stofnlögum dómstólsins, og þeim réttarreglum, sem settar eru samkvæmt stofnlögunum.

4. Þetta erindi og erindi yðar, sem hérmeð er svarað, skulu skoðuð sem formlegt samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands annarsvegar, og ofangreindra ríkisstjórna Hans hátignar hinsvegar.

(Kveðjuorð.)

Fyrir Ísland
(sign.) P. F. Ahlefeldts-Laurvig.

Háæruverðugur
Anthony Eden, M. C., M. P.,
utanríkismálaráðherra.

Í ríkisstjórn Íslands, 4. júní 1937.

Haraldur Guðmundsson.